



## HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn - 24. janúar 2017

Efni: Hamarsbraut 5, deiliskipulagsbreyting - fyrirspurn, 1701315

Þann 20.01.2017 leggur Svava Björk Jónsdóttir arkitekt inn fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna deiliskipulagsbreytinga við Hamarsbraut 5. Með erindinu fylgja uppdrættir er sýna fyrirhugaða breytingu. Sk. gildandi deiliskipulagi *Suðurgata – Hamarsbraut* er heimilt að byggja portlyft einbýlishús á lóðinni, innan byggingarreits. Hámarksvegg hæð er 490 cm frá gólfhæð 1. hæðar. Mæni hússins skal hafa sömu stefnu og Hamarsbraut og lágmarkspakhalli 21°. Hámarkshæð mænis 6.9 m. Nýtingarhlutfall lóðar er 0,45.

Nú er óskað eftir að koma fyrir tvíbýli á lóðinni. Ekki eru gerðar tillögur að öðrum skilmála breytingum. Heimilt byggingarmagn á lóð verður áfram 204,8 m<sup>2</sup> (nhl. 0,45) og aðrir þættir en snúa að gerð hússins eins og kveður á um sk. gildandi skilmálum. Leysa þarf bílastæðamál innan lóðar.

*Um deiliskipulagsbreytinguna skal fara sk. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samhliða grenndarkynna tillöguna skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kostnaður vegna deiliskipulagsbreytinga fellur á þann sem eftir henni óskar.*

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt